

HLÍÐAR skóli

Ný áhersla á mati náms

Í Hlíðarskóla Akureyri



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs
September 2014

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Hlíðarskóli

Nafn verkefnisins: Flugíð - þróun innra mats á námi

Nafn verkefnisstjóra: Erla Margrét Hilmisdóttir, umsjónarkennari Hlíðarskóla

Númer samnings: UMS-039

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins var að þróa áfram matskefi sem við höfðum notað í skólanum, sem miðaði að því hvort það hefði áhrif á nemendur að ráða meiru um eigið nám en hefðbundinn skóli býður upp á.

Hlíðarskóli er lítill skóli með aðsetur í Skjaldarvík rétt norðan við Akureyri. Hann er hugsaður sem sérúrræði fyrir nemendur með vanda er gerir þeim erfitt að dafna og stunda árangursríkt nám í almennum grunnskóla. Til að koma til móts við nemendur skólans, sem ýmissa hluta vegna hafa átt erfitt í skólakerfinu, höfum við í Hlíðarskóla innleitt nýja kennsluhætti sem miða að því að bæta brotna sjálfsmynd og efla trú nemenda á eigin getu. Þessir kennsluhættir ganga undir nafninu *Flugið* og hefur það verið í þróun í þrjú ár og hefur haft góð áhrif á skólastarfið hjá okkur. Flugíð snýst um aukið val nemenda. Hver nemandi fær að velja sér hvað hann gerir tvær kennslustundir á hverjum degi fjóra daga vikunnar. Á föstudögum fá nemendur í hendur blað með yfirliti yfir þá tíma sem standa þeim til boða í næstu viku og skila þeir óskum á þar til gerðum blöðum til umsjónarmanns Flugsins sem raðar nemendum niður á „valtíma“ næstu viku í samræmi við óskir hvers og eins. Námsframboðið er yfirleitt mjög fjölbreytt í þessum tímum. Má þar nefna þrjón og hekl, tálgun, stærðfræði, náttúrufræði, efnafræði, íslensku, leirmótun og gítarkennslu svo eitthvað sé nefnt. Alltaf er boðið upp á íslensku, ensku og stærðfræði í hverri viku en samtals hefur verið boðið upp á rétt tæplega tvö hundruð möguleika sem tengjast áhugasviði nemenda. Með þessu geta nemendur valið hvað þeir fást við, valið það sem þeim finnst áhugavert, með hverjum þeir vinna og hjá hvaða kennara, blöndunin er algjör milli allra bekkja. Nemendur geta líka komið með óskir um hvað boðið er upp á og þannig haft mikið um það að segja hvernig vinnudagurinn þeirra verður.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Ákveðið var að nemendur myndu meta hvern tíma í Fluginu með tilliti til þriggja þátta. Nemendur fengu afhent eyðublað í upphafi hverrar viku og áttu þeir að merkja við að loknum hverjum valtíma samkvæmt *líðan*, *virgni* og *ánægju* sinni með tímann, alla vikuna. Að auki mátu þeir alla almenna tíma í stundaskrá einu sinni á skólaárinu. Starfsmenn svöruðu einnig spurningalistum varðandi Flugíð þar sem meðal annars var spurt um ánægju varðandi fyrirkomulag kennslunnar, áherslur í náminu og líðan.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Áætlun verkefnisins miðaðist við það að nemendur mætu alla valtíma með tilliti til þess *hvernig tíminn væri*: **Góður- Allt í lagi – Ekki góður** tími. Ákveðið var auka vægi þessa mats nemenda og þeir beðnir um að svara þremur atriðum varðandi alla valtíma: *Hvernig fannst þér tíminn? – Hvernig leið þér? – Gerðir þú þitt besta?*

Vegna mikils álags á skólaárinu, vegna ástæðna sem ekki verða raktar hér, reyndist ekki unnt að leggja mat fyrir forráðamenn nemenda varðandi líðan barnanna og framfarir einu sinni í mánuði líkt og áætlun gerði ráð fyrir.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins:

Helstu hindranir við vinnu á þessu verkefni voru utanaðkomandi aðstæður sem við gátum ekki stjórnað en lögðum mikið á okkur til að leysa. Vinnustaðurinn er fámennur og því lítið svigrúm til að bregðast við óvæntum uppákomum og fór mikill tími og orka starfsmanna í að leysa það ástand sem skapaðist í skólanum. Það má segja að það ástand hafi haft mikil áhrif á starfsmannahópinn og að einhverju leiti á nemendum einnig. Álag var viðvarandi og því var ekki hægt að framfylgja markmiðum verkefnisins til hlítar.

Einnig kom það í ljós að þróa þyrfti betri aðferð til að nálgast þessar upplýsingar hjá nemendum. Eyðublöðin eftir árið voru mörg, einstaka blöð týndust í meðförum nemenda auk þess sem mjög mikill tími fór í úrvinnslu matsins. Æskilegt væri, ef möguleiki væri á, að þróa rafrænt form þar sem nemendur myndu skila sínu mati til að koma í veg fyrir tvíverknað og hættu á að gögn glatist auk þess sem mikill tími myndi sparast.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Það var mjög jákvætt að hafa aðgang að upplýsingum þar sem fram kom að lang flestir nemendur voru ánægðir í val tímum sínum, leið vel í þeim og gerðu sitt besta. Að sama skapi var það gott að hafa verkfæri sem gerði okkur það kleift að greina það hvort það væri viðvarandi óánægja meðal nemenda og hvort það væri merkjanlegur munur milli bekkjardeilda, yngri eða eldri nemenda eða annað sem kom fram í svörum nemenda. Ein bekkjardeild skar sig töluvert úr hvað varðar líðan og ánægju með tímann og var nemendum í þeirri bekkjardeild boðið upp á markvissa vinnu með félagsráðgjafa skólans með það markmið að bæta líðan þeirra í skólanum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn / niðurstöður verkefnisins

Vinna við verkefnið er í gangi en þó höfum við ekki enn komist niður á ákveðið form sem ákveðið hefur verið að halda óbreyttu í framtíðinni, vegna aðstæðna sem nefndar voru hér fyrir. Sökum þeirra seinkuðum við ákveðnum þáttum verkefnisins.

Niðurstaða verkefnisins leiddi það í ljós að flestum nemendum líður vel í *valtímunum*, þeir gera sitt besta og eru ánægðir með tímana. Merkjanlegur munur var milli bekkjardeilda, en hafa verður í huga að nemendur skólans eru fáir og því hefur hver einstaklingur hlutfallslega mikið vægi í því sambandi. Yngstu nemendur skólans skáru sig svolítið úr varðandi líðan. Í þeirra hópi var yfirleitt alltaf einhver sem merkti við að honum liði illa í tímunum og fannst þeir ekki góðir. Eins og áður kom fram var gripið inn í á þann hátt að bjóða upp á markvissa vinnu til að bæta líðan þeirra.

Þegar niðurstöður úr könnun meðal starfsfólks skólans kom í ljós að almennt er starfsfólk ánægt með vatltímana og finnst það vera rétt að bjóða upp á Flugíð og vill ekki hverfa til fyrri starfshátta, þ.e.a.s. að binda alla tíma í stundaskrá nemenda við fyrirfram ákveðnar námsgreinar. Enginn starfsmaður vildi hætta við Flugíð. Nokkuð stór hluti starfsfólks, eða 30%, taldi að það myndi vilja breyta einhverju varðandi valtímana. Þegar það var skoðað nánar þá voru allir þeirra sem vildu breytingar með langanir til að fjölga valtímunum á kostnað hefðbundinna tíma. Með öðrum orðum vildu auka framboðið og nokkrir vildu auka samstarf við fyrirtæki og stofnanir í nærumhverfinu. Bjóða nemendum í auknum mæli upp á heimsóknir og kynningu á fyrirtækjum og stofnunum og auka með


því víðsýni nemenda. Meiri hluti starfsfólks taldi að það myndi koma með tillögur í þróunarátt. Þær hugmyndir voru meðal annars þær að fá foreldra til að koma að Fluginu með beinum hætti. Til dæmis með því að óska eftir því að foreldrar hvers barns myndi bjóða upp á valgrein einu sinni á hverju skólaári eða önn eftir atvikum.

Þegar niðurstöður varðandi almenna tíma í stundatöflu eru bornar saman við val tímanna kemur í ljós að **nemendur eru ánægðari í val tímum, leggja sig meira fram og finnast tímarnir skemmtilegri.** Það hefur greinileg áhrif á nemendur að þeir hafi möguleika á að velja sér viðfangsefni eftir áhuga hvers og eins og eru dæmi um að nemendur meti sömu námsgrein, t.d. stærðfræði, á annan hátt eftir því hvort um val tíma var að ræða eða almennan tíma í stundatöflu. Það má velta því fyrir sér hvort það eitt að nemendur upplifa sig hafa val yfir aðstæðum geti verið þess valdandi.

Hér á eftir má sjá helstu niðurstöður verkefnisins á myndrænu formi.

Myndir 1 – 6 eru unnar út frá svörum nemenda.

Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Mynd 4



Mynd 5



Mynd 6




Hér fyrir neðan eru helstu niðurstöður úr könnun meðal starfsmanna:

Mynd 7



Mynd 9



Mynd 11




Mynd 8



Mynd 10




Mynd 12



Mynd 13



Mynd 14



Mynd 15



Mynd 16



Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Kynning var haldin í september 2014 fyrir starfsfólk Hlíðarskóla. Fyrirhugaður er fundur fyrir foreldra og forráðamenn barna í Hlíðarskóla haustið 2014 þar sem farið verður yfir niðurstöður verkefnisins. Mögulega verður haldin kynning víðar en ekki hefur verið tekin ákvörðun í þeim efnum.